


Dvöl blesgæsa á Íslandi

Blesgæs hefur viðkomu hér á landi á vorin frá apríl og fram í miðjan maí en á haustin frá fyrri hluta september og fram í byrjun nóvember. Á kortinu má sjá helstu viðkomustaði blesgæsa á Íslandi.




Skotveiðimenn þurfa að sýna sérstaka aðgát á svæðum sem merkt eru með rauðu á kortinu.

Útbreiðsla

Útbreiðslusvæði blesgæsar á Íslandi er á Vesturlandi um Borgarfjarðarháa og um sunnanvert Snæfellsnes, til suðurs um Kjós og Hvalfjörð. Á Suðurlandi halda blesgæsir til á láglandi Árnes- og Rangárvallasýslu, undir Eyjafjöllum og í Mýrdal. Í Skaftafellssýslum í Meðallandi, Landbroti og á Síðu.

Á öllum þessum svæðum þarf að gæta meiri varkárni við gæsaveiðar en í öðrum landshlutum er blesgæsin aðeins sjaldséður gestur. Sérstaklega ber að taka vara á veiðum í gæsanáttstöðum þar sem vitað er að blesgæsir safnast saman, en þar geta blesgæsir verið innan um grágæsir.



Fullorðin blesgæs

Ung blesgæs

Hætta er á að ruglast á grágæs og ungri blesgæs. Ungu blesgæs má hinsvegar auðveldlega þekkja á því að þær eru yfirleitt í fylgd með fullorðnum blesgæsum.

Blesgæs er dekkst gráu gæsanna. Fullorðnar eru með svartar rákir og díla á kvið sem er stundum nánast alsvartur. Fætur eru rauðgulir og goggur gulbleikur. Hvít blesa er ofan goggrótar.

Blesgæs er sjónarmun minni en grágæs og heiðagæs en hegðar sér svipað, er sneggri í uppflugi og sýnist liprari á flugi. Hún lendir með sveiflum og dýfum og kvakar hátt. Röddin er hærra stemmd en hjá öðrum gæsum og hún lætur meira í sér heyra. Á vef Skotveiðifélags Íslands – skotvis.is er hægt að hlusta á hljóð í blesgæs.

Ungfugl að hausti vantar blesuna og svarta bletti á kvið. Hann er lítill, dökkur yfirlitum og goggur er daufari. Hann getur verið torgreindur frá öðrum gæsum en heldur sig innan um fullorðnar blesgæsir á haustin sem ætti að auðvelda greiningu. Greini skotveiðimenn eina eða fleiri blesgæsir í hóp er líklegt að allir fuglarnir í hópnum séu blesgæsir. Líklega eru ungar innan um fullorðnu fuglana. Ættu þeir því að leyfa þeim að njóta vafans og sleppa því að skjóta.

Blesgæsir





Heiðagæs

Blesgæs

Grágæs

Greining blesgæsa frá öðrum gæsum

Nánari upplýsingar um greiningu blesgæsa frá öðrum gæsum er að finna á vef Umhverfisstofnunar og á vef Skotveiðifélags Íslands. Er þar sérstaklega benti á hljóð þessara tegunda sem gagnast vel við greiningu.

- www.ust.is/Veidistjornun/Fuglar
- www.skotvis.is



Friðun blesgæsar

Upplýsingar fyrir skotveiðimenn



Blesgæsir

Friðun blesgæsar

Með breytingu á reglugerð sem gerð var 12. júní 2006 hefur blesgæs verið friðuð ótímabundið. Vill Umhverfisstofnun því benda skotveiðimönnum á að kynna sér vel einkenni blesgæsarinnar til þess að geta greint hana frá öðrum gæsum.

Hrun í stofninum

Blesgæsarstofninn sem hefur viðdvöl á Íslandi á fartíma er faliðaður og verpir mjög dreift á Vesturströnd Grænlands. Stofninn er því kenndur við Grænland. Á fáum árum hefur orðið hrun í stofninum og er orsök þess slakur varpárangur, sem veldur því að nýliðun er ekki nægileg til að standa undir afföllum vegna skotveiða. Stofninn taldi um 36.000 fugla á árunum 1998-99 en er nú líklega innan við 25.000 fuglar. Veiðarnar eru þar af leiðandi ósjálfbærar. Nákvæm orsök afkomubrestsins er óþekkt.



Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík
Sími 591 2000 Fax 591 2020
Netfang: umhverfisstofnun@ust.is
Vefsetur: www.umhverfisstofnun.is
Ljósmyndir: Daníel Bergmann
Teikningar: Jón Baldur Hlíóberg.
Kortageró: Ragnhildur Freysteinsdóttir

